

- b) að bæði flugstjóri og aðstoðarflugmaður hlutaðeigandi flugrekanda hafi fengið þá þjálfun á loftfarstegundina, sem tryggir örugg vinnubrögð í flugliðastarfi þeirra,
- c) að loftfarið sé búið gátlistum sem tryggja örugga vinnuskiptingu milli flugstjóra og aðstoðarflugmanns,
- d) að loftfar það, sem um ræðir, sé þannig búið að stjórna megi því með öryggi við allar aðstæður úr báðum flugmannssætum.

3. Flugleiðsögumaður og flugvélstjóri.

- 3.1. Flugleiðsögumaður og flugvélstjóri skulu skrá eftirfarandi atriði sérstaklega fyrir hvert einstakt flug:
- a) dagsetningu,
 - b) tegund loftfarsins,
 - c) skrásetningamerki loftfarsins,
 - d) stöðu sína, sem:
 - i) flugleiðsögumaður eða flugvélstjóri,
 - ii) kennari,
 - iii) nemi,
 - e) brottfararstað,
 - f) komustað,
 - g) flugtíma,
 - h) sérstakar athugasemdir:
 - i) hæfnispróf (PFT),
 - ii) réttindapróf.

4. Refsiákvæði.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, enda taki eigi önnur refsíákvæði XIII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964 yfir atferlið.

5. Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 34. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 7. febrúar 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Reyðarfjarðar.

I. GJALDSKRÁRLIÐIR

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á því verði sem hér segir:

1. Lýsing o. fl. til iðnaðar.

11. Fast gjald	kr.	F1
Orkugjald	—	40.00 á kWst.
12. Fast gjald	—	F1 + F2
Orkugjald	—	19.00 á kWst.

2. Notkun til heimilisparfa.

21. Fast gjald	kr.	F1 + F3
Orkugjald	—	12.00 á kWst.

3. Vélanotkun.

31. Fast gjald	kr.	F1 + F2
Orkugjald	—	22.90 á kWst.
Lágmarksgjald	—	18 × F1 á ári
32. Aflgjald lágmark 3 kW	—	51 290.00 á ári
Aflgjald frá 3—5 kW	—	16 760.00 kWst. á ári
Fast gjald	—	F1 + F3
Orkugjald	—	5.60 á kWst.
33. Aflgjald umfram 5 kW	—	14 220 á kW á ári
Fast gjald	—	F1 + F3
Orkugjald	—	4.51 á kWst.
34. Til súgburkkunar		
Fast gjald	—	F1
Orkugjald	—	5.65 á kWst.

4. Húshitun.

41. Fast gjald	kr.	F1 + F4
Orkugjald	—	4.97 á kWst.
Roftími allt að 1 klst. á dag		
42. Fast gjald	—	F1 + F4
Orkugjald	—	3.05 á kWst.
Roftími allt að 3 klst. á dag		
43. Fast gjald	—	F1 + F4
Orkugjald	—	2.50 á kWst.
Roftími allt að 15 klst.		

5. Utanhússlýsing.

51. Fast gjald	kr.	F1
Orkugjald	—	11.90 á kWst.

Skilgreiningar og ýmis ákvæði.

Föst gjöld.

F1.	kr.	280.00 á mán.
F2. a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	10.00 á m ² á mán.
b) Gangar, geymslur o. þ. h.	—	5.50 á m ² á mán.
F3.	—	89.00 á gjaldein. á mánuði

Gjaldeiningar eru:

- Fyrir fjölskylduheimili
Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar en ekki ganga, baðherbergi né geymslur.
Herbergi 5 m² eða minna reiknast hálf, en 25 m² eða stærra tvö.
- Fyrir félagsheimili, skóla, gistihús o. þ. h. 20 m² mælt innan útveggja.
- Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h. 30 m² fyrir vinnslurúm,
40 m² fyrir geymslurúm.
- Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 m² eða minna ein gjaldeining, hverja næstu 100 m² ein gjaldeining.

F4. Hvert uppsett kW	kr.	1 195.00 á kW á ári
----------------------------	-----	---------------------

6. Hitun.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- a) Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra.
- b) Að vélaafl og götulinur og spennar þoli álag að dómi rafveitustjóra.
- c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi. Notandi greiðir herra verð fyrir raforku með fasaviksstuðli undir 0.8.

II. OPNUNARGJÖLD

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 2 400.00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun skal veitunni lokað og ekki opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 1 600.00 á skrifstofu rafveitunnar.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Af hverri húsveitu sem tengd er við rafveituna skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald af hverri heimtaug kr. 5 000.00

Auk grunngjalda skal greiða 10% af hverju þúsundi að kr. 500 000.00 og 5% af hverju þúsundi sem umfram er af brunabótamati húsa og mannvirkja.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlinu meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en $3 \times 70q$ skal húseigandi greiða kostnað af því sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi skal greiða allan kostnað af síðari heimtauginni eftir reikningi.

Söluskattur og verðjöfnunargjald er innifalið í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orku-
lögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjald-
skrá sama efnis nr. 384 27. október 1976.

Iðnaðarráðuneytið, 9. febrúar 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.